

## **Aðalfundur hverfisnefndar Lunda- og gerðahverfis 21.september 2006 kl. 20.00.**

*Fundarstjóri: Ingvar Þóroddsson*

*Mættir úr stjórn: Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson, Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Aðalgeir Pálsson.*

1. Fundarstjóri setur fundinn
2. Ingibjörg formaður les skýrslu formanns stjórnar.
3. Orðið laust um skýrslu stjórnar. Spurt hvort nefndin hefur fjármuni til ráðstöfunar. Nei en bærinn lætur nefndinni í té húsnæði, auglýsingar o.fl.
4. Kosning stjórnar. Stjórn hverfisnefndarinnar er fimm manns. Allir aðalmenn nema Hilmar Ágústsson gefa kost á sér. Aðalbjörn Pálsson varamaður kosinn í hans stað og Ólafur Jónsson kemur í hans stað.
5. Lög hverfisnefndarinnar. Fundarstjóri les upp lögina og þau lögð fram til samþykktar eða synjunar. Lögina eru samþykkt.
6. Verkefnalisti lagður fram. Á íbúafundi í maí var fólk beðið að skrifa niður eftir fjórum flokkum hvaða áherslur það vill leggja í hverfinu. Fundarstjóri varpar samantekt úr verkefnalistanum upp á vegg og að lokum *Verkefnalista 2006-2007* (sjá fylgiskjal). Áhersluatriðin eru nokkuð sjálfgefnir hlutir sem hverfisnefndin vill leggja áherslu á og vinna að í samstarfi og samvinnu við íbúa og aðrar stofnanir í hverfinu. Spurt hvernig nefndin vill ná fram markmiðum. Nefndin mun setja sér markmið og vinna eftir þeim en verkefnalistinn er nokkuð opinn og nefndin áskilur sér rétt til að ráða fram úr því hvaða leiðum hún mun beita. Nefndin mun ekki nota atkvæðagreiðslu til þess að ná fram markmiðum sínum. Nefndin mun einnig ekki færast of mikið í fang.
7. Önnur mál: Rætt um umferðaröryggismál.
8. Jón Birgir Gunnlaugsson verkefnastjóri umhverfismála fjallar um umhverfismál (sjá fylgiskjal). Verkefnalisti hafður til hliðsjónar. Leggur til að Hreinsunardagur heiti Umhverfisdagur hverfisins.

- **Umhirða grassvæða. Hverfið alls 18.8 ha**

Grassvæði þurfa að vera í ágætri rækt. Þau eru slegin samkvæmt skilgreindu verklagi.

- **Trjá- runna- og sumarblómabeð.**

Í hverfinu er 1 hektari af trjá- og runnabeðum. Hverfið er nánast fullplantað en 1.2.3. og 4. bekkur Lundarskóla mun planta við Dalsbraut nk. föstudag.

- **Leiksvæði hverfisins. Opin leiksvæði og boltavellir.**

Tvö leiksvæði eru með undirlagi sem er ósamþykkt. Vallargerði klárast 2010 og Skógarlundur 2009. Rekstrarskoðun á leiksvæðum fer fram á þriggja mánaða fresti og er skilað til heilbrigðiseftirlitsins.

**Spurt hvort séu viðmið um fjölda barna per leiksvæði** og það er að sögn JBG. **Spurt hvort sé einhver framtíðarsýn?** Engin leiksvæðanna munu hverfa undir byggingar. Bent á að nýtt svæði verður til neðan við Jólasveinabrekku þegar Miðhúsabraut verður lögð. Engar framkvæmdir eru áætlaðar í ár nema við

Pálmholt og Flúðir. En aðkeyrsla að Flúðum mun breytast. Bærinn á 25 m vestur af Þingvallastræti sem æskilegt er að gera eitthvað við á næstunni. Bent á að háskólasvæðið tilheyrir hverfinu með fínasta útivistarsvæði.

**Spurt um rekstur á smíðavelli.** Í Glerárhverfi var handavinnukennari úr grunnskóla og tveir 16 ára unglingar og tveir úr unglingavinnu. Svæðin vestan hverfis og svæði við hlið sparkvallar í Lundarskóla koma til greina undir smíðavöll.

9. Formaður þakkar fyrir komuna og vonast til þess að fólk verði tilbúið til þess að vinna áfram að velsæld hverfisins.

Fundi slitið klukkan 21.45

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir  
Fundarritari